REGLUGERÐ

um 2. breytingu á reglugerð nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna

1. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ í 1. mgr. 6. gr. og hvarvetna þar sem það orð kemur fyrir kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr.

a. Ákvæði 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Ákvæði 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

Ákvæði 3. og 4. málsl. 1. mgr. 18. gr. fellur brott.

4. gr.

Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 21. gr. orðast svo:

Umhverfis- og orkustofnun vinnur tillögu að aðgerðaáætluninni og leggur fyrir ráðherra, að höfðu samráði við Stofnun atvinnuveganna, Land og skóg, Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila eftir því sem við á.

5. gr.

Ákvæði 2. málsl. 29. gr. fellur brott.

6. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðiseftirlit“ í 16. tl. I. og II. viðauka kemur: Eftirlit.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 11. gr. efnalaga nr. 61/2013. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, [ ]. 2026